



## 1. Tilgangur

Þetta vinnuferli lýsir framkvæmd kennslu- og áfangamats í skólanum þar sem nemendur leggja mat á skólustarf í VMA með áherslu á kennslu í þeim áföngum sem kenndir eru.

## 2. Gildissvið

Vinnuferlið gildir fyrir alla kennslu innan skólans sem tengist gæðamarkmiðum hans. Ferlið gildir einnig fyrir aðkeypta kennslu, sbr. [VKL-106 Heildarstjórnun náms](#). Námskeið eru ekki metin í hefðbundnu kennslumati heldur sérstaklega á [GÁT-056 Kennslumat námskeiða](#) eða á rafrænu formi í námskeiðslok. Sami kennari með sama námskeið þarf ekki að fara í kennslumat nema einu sinni á 24 mánaða fresti.

## 3. Hugtök

Listi yfir þau hugtök sem notuð eru í verklagsreglunni er að finna í 00 Innihald á blaðinu [INN-004 Hugtök og skilgreiningar](#).

## 4. Ábyrgð

Kennslu- og áfangamat VMA er á ábyrgð **aðstoðarskólameistara**.

## 5. Framkvæmd

Spurningalisti er jafnan sendur eða birtur nemendum á rafrænu formi. Spurningarnar eru svipaðar frá ári til árs en allar breytingar á spurningalistanum þurfa að taka mið af gæðamarkmiðum VMA. Aðstoðarskólameistari getur kallað til stjórnendur og/eða kennara til að annast framkvæmd matsins en aðstoðarskólameistari er verkefnastjóri í tengslum við kennslumatið.

Hver kennari skal að jafnaði fara í kennslumat á 12 – 18 mánaða fresti samkvæmt áætlun um innra mat GÁT-028. Kennarar sem fara í kennslumat á önninni fá tilkynningu um það í tölvupósti frá aðstoðarskólameistara a.m.k. sólarhring fyrir framkvæmd kennslumatsins og í tölvupóstinum eru þær spurningar sem notaðar verða. Kennarar og áfangar á starfsbraut fara ekki í hefðbundið kennslu- og áfangamat.

Nemendum er kynnt með tölvupósti frá aðstoðarskólameistara að tiltekinn dag hefjist kennslu- og áfangamat og standi í tiltekinn dagafjölda. Einnig er tilgangur og framkvæmd matsins útskýrð. Spurningarlistinn er síðan sendur eða birtur þeim nemendum sem eru í úrtaki hverju sinni.

Úrvinnsla gagna fer fram innan tveggja vikna frá lokadegi kennslumatsins. Heildarniðurstöður lokaðra spurninga eru birtar á heimasíðu skólans. Niðurstöður eru birtar kennurum hverjum um sig í Innu eftir að áföngum er lokið að fullu með námsmati.

Niðurstöður einstakra kennara eru geymdar í Innu og kallaðar fram eftir þörfum. Aðstoðarskólameistari getur fengið aðra til að vinna niðurstöðurnar og skal þá trúnaður tryggður. Aðstoðarskólameistari fer yfir heildarniðurstöðurnar á fundi um rýni stjórnenda í lok hverrar annar.

Skólameistari/ aðstoðarskólameistari ræðir niðurstöður matsins m.a. í starfsmannaviðtali sem er sjálfstætt ferli [VKL-206 Frammistaða og endurmenntun starfsmanna](#).

Þegar um aðkeypta kennslu er að ræða fer fram endurgjöf til birgja á kennslumatið í stað starfsmannaviðtala. Niðurstöður úr kennslu- og áfangamati vegna aðkeyptrar kennslu eru geymdar í Innu eða í möppunni **Aðkeypt kennsla** sem geymd er á skrifstofu aðstoðarskólameistara.

## 6. Tilvísanir í skjöl



[VKL-106](#) Heildarstjórnun náms

[VKL-206](#) Frammistaða og endurmenntun starfsmanna

[GÁT-028](#) Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir

[GÁT-056](#) Kennslumat námskeiða

**7. Viðeigandi skrár** Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans.

Áætlun um innra mat er geymd í möppu hjá skólameistara merkt **Innra mat í VMA**.

Niðurstöður einstaka áfanga er hægt að nálgast á tölvutæku formi í gegnum Innu eða könnunarkerfi skólans sem aðstoðarskólameistari, skólameistari og áfangastjórar hafa aðgang að.